



Tillaga að staðarreglum vegna samkomubanns frá 4. maí

Flaggstöng (Covid-19 frávik)

Óheimilt er að snerta flaggstöngina eða fjarlægja hana úr holunni. Ef flaggstöngin er snert fyrir slysi er það vítalaut.

Bolti í holu (Covid-19 frávik)

Við þær aðstæður þar sem holan er fóðruð að innan, t.d. með svamphólk, og boltinn er í holunni, en ekki allur undir yfirborði flatarinnar þá er hann **í holu**. Meiri líkur en minni eru að hann hvíli upp við flaggstöngina og þá gildir regla 13.2c.

Bætt lega í glompu, færa um lengd kylfugrips (Covid-19 frávik)

Þar sem hrifur hafa verið fjarlægðar úr glompu og ástand hennar er mjög ójafnt þá má leikmaður taka vítalauts lausn einu sinni áður en höggið er slegið, með því að leggja upphaflega boltann innan lausnarsvæðis og leika honum þaðan.

- o Viðmiðunarstaður: Staðurinn þar sem boltinn liggur (sjá reglu 14.1)
- o Stærð lausnarsvæðis, mæld frá viðmiðunarstað: lengd kylfugrips (ekki púttar) frá viðmiðunarstað, en með eftirfarandi takmörkunum:
- o Takmörk á staðsetningu lausnarsvæðis
 - Það má ekki vera nær holunni en viðmiðunarstaðurinn, og
 - Það verður að vera í glompunni.

Þegar farið er eftir þessari staðarreglu verður leikmaðurinn að velja stað til að leggja boltann og fara eftir aðferðum við að leggja bolta aftur samkvæmt reglu 14.2b(2) og 14.2e.

Víti fyrir að leika bolta á röngum stað í bága við staðarregluna: Almennt víti samkvæmt reglu 14.7a.

Víti fyrir brot á staðarreglu:

Almennt víti (*Höggleikur - tvö högg, Holukeppni – holutap*)

Að öðru leyti skal leika eftir reglum “Rules of golf as approved by R&A Rules Limited and The United States Golf Association”